

**Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps - 444. fundur Hreppsnefndar  
Tálknafjarðarhrepps að haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, mánudaginn 30. júlí  
2012 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) formaður, Birna Benediktsdóttir (BB)  
Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári  
Haraldsson (BSH) og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Oddviti

**Dagskrá:**

- 1. 1207011 - Fundargerð 798.fundar stjórnar þann 29.júní 2012**  
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1207026 - Fundargerðir stjórnar FV**  
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1207037 - Hættumat vegna ofanflóða fyrir Tálknafjörð**  
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps mun leggja inn beiðni til umhverfisráðuneytisins þess efnis að óska eftir frumathugun á ofanflóðavörnum. Samþykkt samhljóða.
- 4. 1207031 - Áherslur við fjárlagagerð vegna ársins 2013, bréf fjárlaganefnd Alþingis og beiðni stjórnar Fjórðungssambandsins um viðbrögð vegna erindis fjárlaganefndar.**  
Oddviti falið að svara FV og óska eftir því að vera með í sameiginlegri umsögn. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1207057 - Beiðni stjórnar FV um umsagnir um mál frá Alþingi.**  
Oddviti falið að svara FV. Samþykkt samhljóða.
- 6. 1207039 - Helena Rut umsókn um leyfi til kattarhalds**  
Samþykkt samhljóða.
- 7. 1207028 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði**  
Samþykkt samhljóða.
- 8. 1206024 - Styrktarsjóður EBÍ 2012**  
Oddviti leggur til að umsókn verði ekki send að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.
- 9. 1205108 - Niðurfelling vega af vegaskrá. Strandgata Tálknafirði.**  
Fyrir fundinum liggur svarbréf oddvita. Samþykkt samhljóða.
- 10. 1207035 - Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 - 2024**  
Hreppsnefnd tekur undir umsögn Sambands Ísl. sveitarfélaga en mun ekki senda inn sérstakar ábendingar. Samþykkt samhljóða.
- 11. 1207036 - Verksamningur vegna borunar hitaholu í landi Litla-Laugardals**  
Samningurinn samþykktur samhljóða.

**12. 1203042 - Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf**

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 25.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna hafnarframkvæmdir sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur, oddvita, kt.261066-8319, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Samþykkt samhljóða.

**13. 1207055 - Umboð Tálknafjarðarhrepps vegna Hjallastefnunnar ehf.**

Fyrir fundinum liggur samþykkt um fyrirkomulag skólahalds í Tálknafirði skólaárið 2012-2013, sem byggir á samþykktum um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps nr. 48/2007, jafnframt samningur Tálknafjarðarhrepps og Hjallastefnunnar ehf og mat á fjárhagslegum áhrifum samningsins, unnið af R3-Ráðgjöf ehf í samræmi við 66.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Oddvita heimilað að undirrita samninginn. Samþykkt samhljóða.

**14. 1207069 - Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, drög að tillögu að matsáætlun.**

Oddvita falið að senda inn umsögn í samvinnu við Vesturbyggð. Samþykkt samhljóða.

**15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Björn Samúelsson hefur boðið sveitarstjórn í siglingu um Breiðafjörð vegna leiðarvals um Gufudalssveit. Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun sbr. dagskrárliði 11-12 og vegna félagsþjónustu og skipulags- og byggingamál. Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður neikvæð um kr.3.667 þús, en var jákvæð skv. áður samþykktri áætlun 2012 um 6.865 þús. Viðaukinn samþykktur samhljóða. Hreppsnefnd verður í sumarfríi til 12. september.

**16. 1207046 - Heilbrigðiseftirl V - neysluvatnss 29.05.2012**

Lagt fram til kynningar.

**17. 1207049 - Jöfnunarsj - umsókn um framl til eflingar tónlistarmámi 2012-2013**

Lagt fram til kynningar.

**18. 1207014 - Ofteknir vextir Lánasjóðs sveitarfélaga vegna Tálknafjarðarhrepps**

Lagt fram til kynningar.

**19. 1207048 - SÍS - Nýsköpun í opinberum rekstri**

Lagt fram til kynningar.

**20. 1207010 - Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði**

Lagt fram til kynningar.

**21. 1207029 - Úthlutun úr Námsgagnasjóði**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____